

Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



VIÐRAR VEL TIL UPPSAGNA

Sum þeirra bandarísku risafyrirtækja sem ráðist hafa í fjöldauppsagnir virðast bara vera að sæta færnis. ➔ 10

4,5 MILLJARÐA STÆKKUN AÐ LJÚKA

Starfsemi Algalífs mun vaxa hratt á næstunni og segir Karítas Sigurðardóttir að hagstætt orkuverð bæti samkeppnishæfnina. ➔ 11



VIÐSKIPTA Mogginn

MÍÐVIKUDAGUR 15. FEBRÚAR 2023

Bláa lónið hlaut Menntaverðlaun atvinnulífsins við hátíðlega athöfn. ➔ 12

Verða með 420 starfsmenn í sumar


Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Flugþjónustufyrirtækið Airport Associates verður með ríflega þriðjungi fleiri starfsmenn í sumar en í fyrrasumar. Það vex með vexti Play líkt og WOW air áður.

Sigþór Kristinn Skúlason, forstjóri Airport Associates á Keflavíkurflugvelli, áætlar að vera með um 420 starfsmenn yfir háannatímann í sumar. Það er rúmlega þriðjungs aukning milli ára og fjórði mesti fjöldinn í sögu fyrirtækisins sem var stofnað haustið 1997.

Fyrirtækið óx mikið með auknum umsvifum WOW air, helsta viðskiptavinar fyrirtækisins á árunum 2012-2019, og umsvifum annarra flugfélaga á þeim tíma, og var árið 2018 metár hjá Airport Associates og í fjölda erlendra ferðamanna. Þá komu hingað til lands 2,3 milljónir erlendra ferðamanna en þeim

Fjöldi starfsmanna Airport Associates yfir háannatímann



fækkaði í 2 milljónir árið 2019 eftir fall WOW air. Sigþór Kristinn reiknar aðspurður með að hingað komi allt að 2,2 milljónir erlendra ferðamanna í ár, sem yrði annar mesti fjöldinn frá upphafi. Þegar mest var þjónustaði Airport


Associates 20 flugvélar hjá WOW air en Play verður stærsti viðskiptavinurinn í ár með 10 flugvélar í rekstri. Play hyggst stækka flotann í 15 vélar á næstu árum og mun það birtast í fjölda starfsmanna hjá Airport Associates. Sigþór Kristinn segir aðspurður að laun

starfsmanna fyrirtækisins séu yfir meðallagi en þau hafi hækkað með kjarasamningum undanfarnin ár. Því sé alls ekki um láglauna-störf að ræða. Á það beri þó að líta að nokkuð sé um vaktavinnu á flugvöllum. Þá segir hann fyrirtækið ekki þurfa að leita í jafn ríkum mæli að starfsfólki utan landsteinanna og 2016-18. Þegar sé búið að ráða í hátt hlutfall starfa. Hinar miklu launahækkningar séu þó eðlilega farnar að hafa áhrif á samkeppnishæfni vallarins. Rea ehf., móðurfélag Airport Associates, keypti Suðurflug árið 2020 og áætla hann að Suðurflug verði með um 20 starfsmenn á Keflavíkurflugvelli í sumar.


Varanleg aukning?

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir kannanir benda til að neytendur setji ferðalög nú ofar á forgangslistann í neyslu sinni en áður. Það sé viðbrögð fólks við far-sóttinni en koma muni í ljós hvort aukningin sé varanleg. Áætlað sé að auka sætaframboð um 15-20% milli ára. ➔ 4

Úrvalsvisitalan



EUR/ISK



Samrunaþróun hefði þurft að byrja mun fyrr

Samhentir Kassagerð hf. hefur vaxið mikið með samrunum og yfirtökum á síðustu 27 árum.

Með kaupum Samhentra Kassaróðar hf. á Kassagerðinni árið 2020 varð til gríðarlegur sparnaður segja forsvarsmenn Samhentra í ítarlegu viðtali við ViðskiptaMoggann í dag þar sem rætt er um starfsemi félagsins. „Þessi félög voru uppsett á sambærilegan hátt eftir að Kassagerðin hætti framleiðslu hér-



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon
Jóhann, Bjarni og Jóhannes stýra Samhentum Kassagerð hf.

lendis. Samlegðin var gríðarlega mikil í húsnæðismálum og starfsmannahaldi. Það var hún sem skipti mestu máli því samkeppnishæfni við beinan innflutning jókst. Við spöruðum 2.500 fermetra í húsnæði,“ segir Jóhannes Guðni Jónsson fjármálastjóri.

Forsvarsmennirnir útskýra að þróunin á umbúdamarkaði á Íslandi sé svipuð og annars staðar í Evrópu síðastliðin 20 ár. Þar hafa lítil umbúdafyrirtæki eins og Kassagerðin þurft að lúta í gras og samþjöppun verið mikil. „Hér heima hefði samruna-

þróunin helst þurft að byrja mun fyrr,“ segir Bjarni Hrafnsson rekstrarstjóri.

„Núverandi stærð Samhentra er nauðsynleg svo við getum boðið samkeppnishæft verð á evrópskan mælikvarða. Okkar sex milljarða velta, gott samband við birgja, sérhæft starfsfólk og góð flutningskjör hafa gert okkur kleift að bjóða samkeppnishæft verð,“ útskýrir Jóhannes.

„Okkar birgjar eru þeir stærstu á sínu sviði í heiminum. Það skiptir máli að vera með góða birgja.“ ➔ 6

<p>ÚRVAL ÚTSÝN</p>	ÁFANGASTAÐUR	VERÐ FRÁ	ÁFANGASTAÐUR	VERÐ FRÁ
	CAPE TOWN	170 000 KR.	BANGKOK	170 000 KR.
	SYDNEY	250 000 KR.	DUBAI	130 000 KR.
	LOS ANGELES	120 000 KR.	BALI	202 000 KR.

HAFÐU SAMBAND 585 4000 EÐA Í FLUG@UU.IS EIGINVEGUM.UU.IS

VIKAN Á MÖRKUÐUM

AÐALMARKAÐUR

Mesta lækkun

ICEAIR
-4,76%
2,00

Mesta hækkun

EIM
+4,50%
580,00

S&P 500

+0,47%
4.137,29

NASDAQ

+0,72%
11.874,67


FTSE 100

+0,71%
7.967,44


NIKKEI 225

+0,07%
27.602,77

GULLVERÐ (\$/únsu)



BRENT OLÍUVERÐ (\$/tunnu)



Hreyfingar frá upphafi viku til kl. 16 í gær.

Unnið í samstarfi við Reitun

Skopp hoppar á grunnni Rush

Björn Leví Óskarsson
blo@mbl.is

Trampólíngarðurinn á Dalvegi sem hefur verið vinsæll viðkomustaður krakka á öllum aldri í gegnum árin hefur fengið nýtt og alíslenskt nafn. Nýja nafnið er einfalt og auðskiljanlegt – Skopp.

Trampólíngarðurinn á Dalvegi, sem hefur gengið undir nafni alþjóðlegu keðjunnar Rush er nú búinn að skipta um nafn og ber eftirleidis hið alíslenska nafn Skopp. Garðurinn er til húsa á Dalvegi í húsnæði sem áður hýsti matvöruverslunina Kost. Auk nýja nafnsins hyggst Skopp frumsýna ný og spennandi tæki fyrir alla aldurshópa á árinu 2023.

„Þegar við tókum við rekstri Rush-trampólíngarðsins var ákveðið að hann yrði ekki hluti af alþjóðlegu Rush-keðjunni, heldur alfarið í okkar eigu og rekstri. Þá hófst leitin að nýju heppilegu nafni sem er nú fundið og við erum afar ánægð með,“ segir Jóhannes Ásbjörnsson, talsmaður Gleðipinna, í samtali við ViðskiptaMoggann, en Gleðipinnar tóku við rekstri trampólíngarðsins í lok ársins 2021.

Ný afþreyingartæki

Frá því að Gleðipinnar tóku við rekstri trampólíngarðsins hefur



Morgunblaðið/Eggert

Jóhannes lætur vaða á gagnvirkum fótboltavelli sem er nýjung í trampólíngarðinum og verður vafalaust mikið notaður.

verið lögð áhersla á að auka gæði og fjölbreytni afþreyingar og bæta við nýjum og spennandi tækjum. Til viðbótar við trampólínin, sem leika lykilhutverk í garðinum, hefur bæst við gagnvirkur fót-boltavöllur og nýr klifurveggur. Klifurveggurinn er hannaður í samstarfi við Benjamin Mokry, framkvæmdarstjóra Klifurhússins, og verða í boði þrjár miskrefjandi klifurleiðir.

Gagnvirki fót-boltavöllurinn virkar svo þannig að inni í mörkuðum eru sérstök skotmörk sem gefa mismörg stig. Spilaðir eru 4 mínútna langir leikir í senn, völlurinn telur svo stigin sjálfur og gefur frá sér hljóðmerki.

Ævintýri fyrir yngstu börnin

Aðgengi yngri barna að trampólíngarðinum Skopp hefur undanfarið verið takmarkað við sérstaka krakkatíma sem eru á milli klukkan 10 og 12 um helgar. Yngri börn mega því eins og staðan er núna ekki hoppa og skoppa innan um eldri og þyngri börn. Voru þær takmarkanir settar til að hámarka öryggi viðskiptavina.

Til þess að bregðast við þessu og mæta þörfum yngstu barnanna verður á næstu viku opnað nýtt ævintýraland sem sérstaklega er hannað með yngstu börnin í huga.

„Á leiðinni til landsins er stórglæsilegt ævintýraland fyrir yngri



Morgunblaðið/Eggert

Pórey Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Skopps, og Jóhannes Ásbjörnsson, markaðsstjóri og talsmaður Gleðipinna.

börnin þar sem þau koma til með að njóta sín til fulls á meðan þau eldri hoppa. Framleiðandi ævintýralandsins er hollenskt fyrirtæki sem er fremst á sínu sviði í hönnun öruggra leiktækja fyrir börn,“ segir Pórey Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Skopps. Að nokkru leyti minnir Ævintýralandið á það sem var um árabíl í Kringlunni, en þetta er bæði stærra og nýttiskulegra.

Áberandi í veitingarekstri

Eigandi Skopps er félagið Gleðipinnar sem hefur verið áberandi á íslenskum veitinga- og afþreyingarmarkaði undanfarin ár. Gleðipinnar reka í dag veitingastaði undir merkjum Shake & Pizza, Ameri-

can Style, Saffran, Blackbox, Aktu Taktu, Pítunnar, Olífa La Madre Pizza og Hamborgarafabrickunnar og afþreyingarstaðina Keiluhöllina Egilshöll og Skopp.

Samruni sem bíður samþykkis

Í október í fyrra var tilkynnt að Kaupfélag Skagfirðinga og Árni Pétur Jónsson, fyrrverandi forstjóri Skeljungs, hefðu náð samkomulagi um kaup á Gleðipinnum. Núverandi eigendur Gleðipinna munu þó áfram eiga Saffran, Pítuna og Olífa La Madre Pizza og auk þess hlut í afþreyingarstöðunum tveimur, Keiluhöllinni Egilshöll og Skoppi. Samruninn er nú til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu.

ÓSKASKRÍN GEFUR SVO MARGT



Glaðningur fyrir tvo, Rómantík á flottu hóteli, Dekurstund, Gourmet á glæsilegum veitingastað, Bröns fyrir tvo og Kósý kvöld eru meðal vinsælla Óskaskrína.

Gefðu upplifun í óskju.

Fæst í Pennanum Eymundsson, Hagkaup og á oskaskrin.is.

Eymundsson

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín



Morgunblaðið/Hari

Hluthafar Símans fá um 47 milljarða greidda vegna sölu Símans á Mílu.

Yfir 16 milljarðar til hluthafa Símans

UPPGJÖR

Heildarhagnaður Símans á árinu 2022 var rúmir 38 milljarðar króna. Rekstrarhagnaður Símans fyrir afskriftir nam 6,15 milljörðum króna á árinu og jókst um tæp 12% á milli ára. Heildarhagnaður félagsins skýrist helst af sölnunni á Mílu til franska fjárfestingasjóðsins Ardians. Stjórn Símans leggur til að greiddur verði 500 milljóna króna arður, en einnig er ráðgert að lækka hlutafé um 15,7 milljarða með greiðslu til hluthafa. Í nóvember sl. voru 31,5

milljarðar greiddir til hluthafa og fá þeir því alls um 47 milljarða króna greidda vegna sölnunnar á Mílu. Fjárfestingarfélagið Stoðir er stærsti einstaki hluthafi Símans, með tæplega 16% hlut.

Í uppgjörstilkynningu félagsins kemur fram að mögulegar fjárfestingar Símans á Íslandi yrðu ekki af þeirri stærðargráðu að þörf væri á söluverðmæti Mílu. Eftir stendur eignalétt þjónustufyrirtæki en bundnar eru vonir við að samkeppnisréttarlegum kvöldum sem hvíla á félaginu verði aflétt eftir sölnu.

Aðalfundur Reita fasteignafélags hf.

Aðalfundur **Reita fasteignafélags hf.** verður haldinn kl. 15.00, miðvikudaginn 8. mars 2023 í fundarsal 2 á Hotel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík.

Dagskrá fundar

- Stjórn skýrir frá rekstri félagsins og hag þess á liðnu ári.
- Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til staðfestingar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu starfsári.
- Tillögur stjórnar lagðar fyrir aðalfund:
 - Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
 - Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar eigin hluta.
 - Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
 - Tillaga um skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
- Kosning stjórnarmanna félagsins.
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
- Ákvörðun um laun stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir komandi starfsár.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Upplýsingar

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboðsform er að finna á aðalfundarvef félagsins, www.reitir.is/adalfundur. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrir er.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á netfangið adalfundur@reitir.is eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 15.00 föstudaginn 3. mars 2023.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15.00 að íslenskum tíma, sunnudaginn 26. febrúar 2023. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið adalfundur@reitir.is og munu þær verða birtar samdægurs á aðalfundarvef félagsins.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt á fundinum frá einhverjum atkvæðisbærra fundarmanna eða fundarstjóri úrskurðar um slíkt. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef framboð koma frá fleirum en kjósa skal um. Hluthafar geta gert kröfu um hlutfalls- eða margfeldiskosningu í samræmi við ákvæði samþykktá félagsins. Slík krafa þarf að hafa borist stjórn að lágmarki fimm sólarhringum fyrir hluthafafund, þ.e. fyrir kl. 15.00 föstudaginn 3. mars 2023.

Tilkynningum um framboð til stjórnar félagsins skal skilað eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15.00 að íslenskum tíma, miðvikudaginn 1. mars 2023, á skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík eða á netfangið adalfundur@reitir.is. Framboðstilkynningar skulu uppfylla skilyrði 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Jafnframt skulu frambjóðendur greina frá því hvort þeir telji sig óháða félaginu og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilyrðum í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma. Framboðseyðublað er að finna á aðalfundarvef félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar eigi síðar en sex sólarhringum fyrir aðalfund. Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn, sbr. 13. gr. samþykktá félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ.á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund verða aðgengileg á aðalfundarvef félagsins. Einnig verða gögnin til sýnis fyrir hluthafa á opnunartíma skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar á aðalfundarvef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 14.30 á aðalfundardag.

Reykjavík, 13. febrúar 2023

Stjórn Reita fasteignafélags hf.



Ný forgangs- röðun fólks styður við flug

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir vísbendingar um að almenningur beggja vegna Atlantshafsins setji nú ferðalög frammar í forgangsröðina en áður, í kjölfar farsóttarinnar.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir vísbendingar um að almenningur beggja vegna Atlantshafsins setji nú ferðalög frammar í forgangsröðina en áður, í kjölfar kórónuveirufaraldursins. Það eigi



sinn þátt í mikilli eftirspurn eftir ferðum hjá félaginu, ekki síst í Bandaríkjunum. Þessi niðurstaða vekur athygli enda er nú mikið rætt um svokallaða lífskjarakreppu. Því lék ViðskiptaMogganum forvitni á að vita hvernig þessi niðurstaða er fengin og hvort Bogi Nils telji að breytingin sé varanleg.

Hefur ekki gerst

„Við og fleiri í þessum bransa höfum svolítið verið að bíða eftir því að kostnaðarhækkningar og verðbólga fari að hafa áhrif á bókanir. Það hefur hins vegar ekki gerst, að minnsta kosti ekki enn þá, en eins og fram kom í tilkynningu hjá okkur

um daginn var janúar metmánuður í sölu,“ segir Bogi Nils.

Uppsöfnuð eftirspurn

„Samtöl mín við stjórnendur erlendra flugfélaga og uppgjör þessara félaga benda í sömu áttina. Svo hafa ýmis fyrirtæki gert kannanir og þær styðja við þetta álit að fólk sé að forgangsraða með öðrum hætti en áður. Við höfum séð uppsafnaða eftirspurn í kjölfar faraldursins birtast í bókunum hjá flugfélögum og ferðaþjónustufyrirtækjum og þótt margir hafi ferðast mikið undanfarið sjáum við enn mjög sterkar bókanir fyrir þetta ár. Það eru vísbendingar um að það sé vegna þess að fólk vilji lifa lífinu á annan hátt. Setji nú ferðalög og upplifun í forgang og vilji hitta vini og ættingja en bíði með að endurnýja sjónvarpið eða bílinn. Það er ekki hægt að segja til um hvort þetta sé varanleg breyting en hún á alla vega við marga.“

Bitnar ekki á eftirspurn

– Þú nefndir í viðtali við sjónvarpsstöðina Sky í síðustu viku að eftirspurnin væri kröftugri Bandaríkjamegin en frá Evrópu. Nú eru vextir líka á uppleið í Bandaríkjunum og þar er mikið rætt um lífskjarakreppu. Það hefur ekki haft áhrif á eftirspurnina?

„Nei og ég bendi aftur á hvað aðrir stjórnendur flugfélaga í Bandaríkjunum eru til dæmis að segja. Við erum að tala í takt við þá.“

– Tengist þetta félagslegri stöðu bandarískra ferðamanna? Eru viðskiptavinir ykkar úr efri millistétt og þaðan af efnaðri?



Ljósmynd/Icelandair

Forstjóri Icelandair segir kannanir benda til að fólk setji ferðalög í meiri forgang eftir kórónuveirufaraldurinn.

„Við höfum lagt áherslu á að verðleggja sætin okkar og fargjöldin í takt við rekstrarumhverfið og kostnaðargrunn okkar. Þannig að við séum með sjálfbæran rekstur. Við höfum horft fram á fargjöld hækka hjá okkur og öðrum flugfélögum en varðandi nákvæmlega hvaða ferðamenn eru að ferðast með okkur þá vitum við það ekki í smáatriðum.“

Purfum ekki stóran hluta

– Kannanir benda til að hátt hlutfall Bandaríkjamanna lifi á mánaðarlauninum en eigi lítið umfram það. Jafnvel tveir af hverjum þremur. Þá er eftir þriðjungurinn sem telur ríflega 110 milljónir manna.

„Og við á Íslandi þurfum ekki stóran hluta af þeim til þess að standa ágætlega. Þegar ég tala um að flæðið sé sterkara Bandaríkjamegin en Evrópumegin þá var það þannig í fyrra og birtist enn í bókunarflæðinu hjá okkur.“

– Hvert er hlutfall pantana frá Bandaríkjunum í flugi ykkar yfir háfið?

„Þetta hlutfall hefur verið í kringum 50-65% á síðustu árum og var við efri mörk þessa bíls á síðasta ári og er enn á þessu ári.“

Misjöfn staða hagkerfanna

– Ræðum aðeins um eftirspurnina frá Evrópu. Hvað skýrir að hún er ekki jafn kröftug og í Bandaríkjunum? Er það orkukreppan? Dollarinn kostar nú til dæmis 142 krónur borið saman við 124 krónur fyrir ári en evran kostar nú 152 krónur borið saman við 142 krónur fyrir ári.

„Ég held að það sé sambland af því að mörg evrópsku hagkerfin hafa staðið verr en það bandaríska og að dollarinn hefur verið mjög sterkur í sögulegu samhengi. Þá hefur stríðið í Úkraínu óbein áhrif, auk þess sem ferðamannflæði frá Asíu sem hefur komið í gegnum Evrópu hefur legið niðri, að minnsta kosti frá Kína. Við höfum til þessa við stýringu á leiðakerfinu okkar. Við gætum aukið flæðið frá Evrópu með því að lækka verðið á þeim mörkuðum. Kaupmátturinn er hins vegar sterkari í Norður-Ameríku út af gjaldmiðlinum og öðrum ástæðum og því seljum við frekar sætin þangað til að mæta mikilli eftirspurn þaðan.“

Einingatekjur á uppleið

– Skýrsla Deloitte um ferðaþjónustuna í Bandaríkjunum, Travel Industry Outlook, bendir til að þar hafi fargjöld í millilandaflugi hækkað um 31% frá september 2021 til nóvember 2022, samkvæmt gögnum frá Hopper. Rímar þetta við þína reynslu?

„Eins og lesa má úr uppgjörum okkar hafa einingatekjur verið að hækka mikið en það er ekki aðeins verðlagningin sem skýrir það, heldur ýmislegt annað. Okkur hefur tekist að bæta nýtinguna á Saga Class mikið og svo hefur stýring á leiðakerfinu jafnframt mikil áhrif á einingatekjur, hvert er verið að fljúga og hvernig. Við höfum verið mjög ánægð með aukningu einingatekna sem er þetta samspil nokkurra þátta. Verðið er einungis hluti ástæðunnar en fargjöldin hafa jú hækkað í takt við kostnaðarhækkningar.“

Staðan er betri hér

– Skýrsluhöfundar Deloitte ræða jafnframt um mönnunarvanda í ferðaþjónustu í Bandaríkjunum. Hefur þetta haft einhver áhrif á ykkar starfsemi?

„Við hjá Icelandair erum svo lánsöm að það er mikil eftirspurn eftir því að vinna hjá okkur. Þannig

að svarið er nei. Það er ekki mönnunarvandi hjá okkur.

United Airlines tilkynnti um daginn að félagið myndi ekki fljúga frá Newark til Íslands í sumar, eins og það hafði áformað, og það er ekki ólíklegt að það sé að einhverju leyti tengt mönnun og skorti á flugvélum. Þannig að við erum að sjá slíkar truflanir hafa áhrif á framboð flugfélaga mjög víða. Við erum hins vegar í mjög góðri stöðu, sem betur fer, hvað það varðar.“

– Nú er rætt um að bandarískir ferðamenn hafi ólíkar þarfir en til dæmis ferðamenn frá Evrópu. Hvaða áhrif hefur þetta á eftirspurn í íslenskrari ferðaþjónustu? Eru við að fá betur borgandi ferðamenn fyrir viknið?

„Já, það virðist vera að ferðamenn sem hafa verið að koma frá Bandaríkjunum séu að dvelja hér lengur og kortaveltan sýnir að þeir eru að skilja hér eftir talsverð verðmæti sem er frábært.“

Sameina ferðir og vinnu

– Heimavinna hefur aukist eftir faraldurinn, þar með talið í Bandaríkjunum. Samkvæmt áðurnefndri skýrslu Deloitte geti sú þróun skapað meiri þörf fyrir ráðstefnur til að fólk geti hist. Kannastu við þetta úr ykkar greiningu?

„Já. Þetta er nokkuð sem við könnuðum við og þótt það sé ekki stór hluti í okkar rekstri, eða hátt hlutfall farþega okkar. Faraldurinn hefur breytt ýmsu. Meðal annars ýtt undir fjarvinnu sem gerir það að verkum að fólk er að ferðast með fjölskylduna, dvelur þar í ákveðinn tíma og vinnur þaðan. Samtvinna þannig ferðalög og vinnu en hvort það sé komið til að vera mun koma í ljós. Þetta skapar tækifæri fyrir íslenska ferðaþjónustu. Við erum með sterka innviði og það er hægt að bjóða upp á staði úti á landi þar sem fólk getur verið í friði með fjölskylduna.“

– Félagið skilaði 19 milljóna dala hagnaði í fyrra borið saman við 136 milljóna dala tap árið áður. Þetta eru mikil umskipti. Hvernig eru horfurnar á þessu ári?

„Við höfum gefið út að áætlað er að EBIT-hagnaður, sem þarna er nefndur, verði 4-6% af rekstrartekjum.“

– Hvaða væntingar hefurðu um rekstrartekjur í ár?

„Við höfum ekki gefið það út. Rekstrartekjur félagsins voru 1,3 milljarðar bandaríkjadala í fyrra og við gerum ráð fyrir að auka sætaframboðið um 15-20% milli ára,“ segir Bogi Nils Bogason að lokum.

Færum bókhald til fram tíðar

- Fjárhagur
- Eignakerfi
- Bankalausnir
- Viðskiptavinir
- Sölukerfi
- Lánardrottnar
- Innkaup
- Birgðir
- Vörustjórnun
- Lotustýring
- Framleiðsla
- Verkbókhald
- Verkáætlanir
- Tímaskráning

UNICONTA
www.uniconta.is



**Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn
á Hótel Natura Reykjavík í tengslum
við Búgreinaping 2023 fimmtudaginn
23. febrúar 2023, kl. 16:00.**

DAGSKRÁ

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt
15. grein samþykka félagsins.
2. Heimild aðalfundar fyrir félagsstjórn
að lækka hlutafé og til kaupa á eigin
hlutabréfum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur er til sýnis á skrifstofu Ístex í Mosfellsbæ
og er sendur hverjum þeim hluthafa sem þess óskar.

Hægt verður að skrá sig á istex.hf@istex.is eða í 566 6300
til að fylgjast með fundinum rafrænt. Umboðsmenn þurfa
að leggja fram dagsett og skriflegt umboð.

Aðgöngumiðar, fundargögn og hlekkur á fundinn verða
afhent eftir skráningu á fundardag.

**Mosfellsbæ, febrúar 2023.
Stjórn ÍSTEX hf.**

Núverandi stærð er nauðsynleg

Póroddur Bjarnason

tobj@mbl.is

Umbúðafyrirtækið Samhentir Kassagerð hf. velti um sex milljörðum króna í fyrra. Félagið hefur vaxið og dafnað með samrunum og yfirtökum frá því það var stofnað fyrir tuttugu og sjö árum. Bjarni Hrafnsson, rekstrarstjóri og einn stofnenda, Jóhann Oddgeirsson framkvæmdastjóri og Jóhannes Guðni Jónsson fjármálastjóri leiddu blaðamann Viðskipta-Moggans í allan sannleikann um hina fjölpættu starfsemi fyrirtækisins.

Til að fá dýpri skilning á starfsemi Samhentra var blaðamanni ViðskiptaMoggans boðið í sérstaka kynningarferð um athafnasvæðið í Suðurhrauni 4 í Garðabæ áður en sest var niður fyrir hið formlega viðtal. Þannig fengist betri mynd af umsvifum fyrirtækisins. Auk plast- og pappírumbúða framleiðir og/eða selur fyrirtækið vélar, fræ, pylsukrydd, álbakhlíðar á lyfjaspjöld og stígvél svo fátt eitt sé nefnt.

Stofnun fyrirtækisins tengist hinsvegar risavöxnum pappakössum. „Þetta byrjaði allt með þessum tröllakössum,“ segir Bjarni og bendir á brúna kassa sem hæglega gæti rúmað nokkrar manneskjur. „Þessa kassa handlímdum við saman fyrstu þrjú árin í starfseminni og seldum til fyrirtækja. Það er gaman að segja frá því að tröllakassarnir eru enn þann dag í dag ein vinsælasta varan okkar. Hún er mikið notuð í sjávarútvegi, t.d. fyrir lausfryst flök.“

Þúsund gámar á ári

Fyrirtækið sendir samtals frá sér eitt þúsund fjörutíu feta gáma á ári eins og Bjarni útskýrir. Vörunúmerin eru 7.500. Meðalstarfsaldur í félaginu er hár, eða 14 ár.

„Fólkið kemur meira og minna úr þeim atvinnugreinum sem við þjónustum. Við búum að mjög góðu og reynslumiklu starfsfólki sem er lykiliinn að góðum rekstri.“

Félagið hefur vaxið og dafnað með samrunum og yfirtökum frá því það var stofnað fyrir tuttugu og sjö árum. Bjarni segir að framan af hafi fjármunir til kaupa á öðrum fyrirtækjum að mestu orðið til með sölu fasteigna. Í dag eru þær í eigu fasteignafélags og Samhentir orðnir leigutakar. „Okkar niðurstaða var að einbeita okkur að rekstrinum. Það hentar okkur mjög vel. Við viljum vera skuldfrí félag. Eiginfjárlutfallið er yfir 30% í dag.“

Bjarni áréttar að allir peningar sem orðið hafi til hjá Samhentum í gegnum tíðina hafi verið notaðir til innri vaxtar.

„Við höfum aldrei tekið arð út úr félaginu.“

Nafnið varð til í ráðhúsinu

Spurðir um nafnið, Samhentir, segir Bjarni að það hafi orðið til í Ráðhúsi Reykjavíkur eftir fund með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þáverandi borgarstjóra.

„Í stiganum segir Hjörleifur Gunnarsson heitinn: Helvíti vorum við samhentir þarna.“

Bjarni segir að starfsemi Samhentra hafi byrjað í Faxaskála í Reykjavík. „Ingibjörg lánaði okkur húsið.“

Eins og glögg má skilja á þeim þremmingum þá hefur fyrirtækið vaxið í takti við markaðinn og þarfir hans. „Viðskiptavinir kaupa sjaldnast bara eina vöru. Vanalegast eru vörunúmerin 5-6 í hverjum viðskiptum. Einkunnarorð félagsins eru „allt á einum stað“,“ segir Jóhann og bendir á stígvél sem fyrirtækið selur. „Menn vilja gjarnan geta fengið allt í einni ferð. Þess vegna erum við til dæmis stór söluaðili á vörum frá 66°Norður, auk þess sem við seljum hnífa, pylsugarnir, vínarpylsukrydd og grænmetisfræ.“

Blaðamaður rekur upp stór augu þegar Bjarni opnar lítinn ísskáp í grænmetisdeildinni. „Innihald þessa ísskáps, tómatafræ, gúrkufræ o.fl., er líklega verðmætara en allt annað hér inni samtals,“ segir hann og bendir á herbergi fullt af margvíslegum umbúðum. „Við getum selt grænmetisbændum samnkallaða heildarlausn. Sáðbakka með fræjum, moldina, allar umbúðir frá a-ö og límmiðana utan á.“

Það sama á við um pylsugerð og fleiri kjötvörur.

Einhver gæti spurt sig af hverju umbúða-fyrirtæki selji jafn ólíkar vörur og Samhentir gera. Svarið er einfalt; þær hafa fylgt með í kaupum félagsins á ólíkum fyrirtækjum í gegnum tíðina.

Tólf þúsund fermetra athafnasvæði

Athafnasvæði Samhentra er tólf þúsund fermetrar auk verkstæðis sem sinnir viðhaldi á þökkunarvélum. Þær flytja Samhentir inn og selja um allt land. „Við þjónustum hundruð þökkunar- og framleiðsluvéla fyrir meðal annars makríl, loðnu, síld og kjötvinnslur. Véla-deildin er í dag um 3-5 prósent af starfseminni og fer vaxandi. Við höfum verið að að bæta við okkur fólki og húsnæði.“

Stærstu einstöku fyrirtækjakaup Samhentra eru kaupin á Kassagerð Reykjavíkur fyrir þremur árum. „Kassagerðin hafði hætt umbúðaframleiðslu þremur árum fyrr og var komin alfarið í innflutning. Viðskiptavild og birgjasambönd var það verðmætasta í þeim viðskiptum,“ segir Jóhann.

Í raun keyptu Samhentir aðeins 65% af félaginu að sögn Jóhannesar. „Samkeppniseftirlitið bannaði okkur að kaupa meira. Eigendur Kassagerðarinnar lögðu niður það sem eftir stóð.“

Á leiðinni í gegnum Vörumerkingu, sem Samhentir keyptu árið 2012, má sjá margar kunnuglegar merkingar. „Við prentum og steypum til dæmis skyrdollur fyrir MS. Prentunin fer fram hér en Bergplast, sem er í eigu sömu aðila, sprautusteypir dolluna endanlega saman.“

Ekki mörg eftir

Bjarni segir að framleiðslufyrirtæki eins og Vörumerking séu ekki mörg eftir í landinu lengur. Hann segir að félagið sé það umsvifamesta á markaðnum í límmiðum. Samkeppni sé þó mikil, bæði frá innlendum og erlendum aðilum. „Vörumerking hafði átt í erfiðleikum áður en við keyptum félagið og vélarnar orðnar úreltar. Við ákváðum strax að endurnýja þær allar, sem var mikið gæfuspör. Eftir það gátum við notað varahluti og prentvalsa á milli véla sem ekki var hægt áður. Við straumlínulöguðum félagið með þessu.“

Jóhann segir að Vörumerking hafi blómstrað í mörg ár eftir kaupin. Það breyttist skyndilega þegar lyfjafyrirtækið Actavis hætti starfsemi á Íslandi árið 2017. „Við seldum þeim mikið af vinnu. Hún var um 15% af tekjum fyrirtækisins. Skömmu seinna kemur Costco inn á markaðinn. Það olli líka miklu tjóni fyrir okkur.“



Vörumerking lenti í vanda þegar Actavis hætti og Costco kom til landsins, en gengur vel í dag.

Umbúðir stækkuðu og þeim fækkaði. Þrýstingur kom á verð og menn fóru að spara límmiða. Þeir notuðu kannski bara einn í stað þriggja. Við þetta myndaðist spirall niður á við. Fyrirtækið var allt í einu farið úr frábærum rekstri í mjög slæman.“

Í leit að úrræðum þegar harðna tók á dalnum fór Vörumerking í mishæppnað samstarf við Hewlett Packard. Það snerist um kaup á há-tæknilegri vél fyrir prentun á filmum fyrir seltisbréf og aðrar matvörur, nokkuð sem ekki

hafði verið stundað áður hér á landi. „Í stuttu máli þá gekk það verkefni ekki tæknilega upp á endanum. Markaðurinn var ekki tilbúinn. Við þurftum að losa okkur við búnaðinn og draga okkur til baka. Þetta gerði stöðuna hjá Vörumerkingu enn erfiðari.“

Grípa þurfti til sársaukafullra aðgerða og segja upp um þriðjung starfsfólks. „Það dugði til að koma starfseminni á réttan kjól. Fyrirtækið er á góðri siglingu í dag,“ útskýrir Jóhann.



Jóhann, Bjarni og Jóhannes segja að birgjar Samhentra séu þeir stærstu á sínu sviði í heiminum. Miklu skipti fyrir reksturinn að vera með góða birgja.

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Allur sjófrystiflotinn hefði stöðvast

Bjarni segir að mjög litlu hafi munað að illa færi með eina tiltekna vörutegund í Covid-19-faraldrinum. „Það hefði getað stöðvað allan íslenska sjófrystiflotann!“

Blaðamaður biður Bjarna að útskýra þetta nánar. „Birgir á aðföngum í vélar varð gjaldþrota í Kanada. Það stoppaði allt í þessari ákveðnu vöru í Evrópu og við upphófum samtalið við toppstjórnendur í þessu risafyrirtæki og áttum reglulega fundi með þeim á meðan málið var að leysast. Við náðum að redda framleiðslu á hlutum í Evrópu. Þetta mál fór alla leið inn á borð ráðuneytisins hér heima, svo alvarlegt var þetta.“

Það skall oft hurð nærri hælum. Við erum með fleiri en einn birgi í öllum vöruflokkum og gátum leitað annað ef einn lenti í vanda. Til dæmis tilkynnti einn birgir skyndilega um tólf vikna afgreiðslutíma sem hafði verið fjórar vikur áður. Þá þurftum við í snarhasti að skipta yfir til þess næsta.“

Margt spennandi í Litháen

Enn er ótalin starfsemi Samhentra í Litháen. Hún var stofnuð í kjölfar kaupanna á Kassagerðinni þar sem margir af birgjum Kassagerðarinnar eru frá þessu svæði. Bjarni, Jóhannes og Jóhann segja að margt spennandi sé á döfinni hjá því félagi.

„Við erum að ná gríðarlega stórum samningum í Noregi, Póllandi og Þýskalandi. Starfsemi er mjög samkeppnishæf og vaxtartækifærin inn á Evrópu mikil. Þetta fyrirtæki hefur einnig nýst okkur vel með aðföng hér á Íslandi og víðar.“

Þá segja þeir að fyrirtækið sé með Evrópu-umboð fyrir tvær vörutegundir sem séu miklu vexti. Eins og fram kom hér að framan eiga Samhentir helmingshlut í umbúðafyrirtækinu Tri-pack í Bretlandi. Reksturinn gengur vel þó að útganga Breta úr Evrópusambandinu hafi haft áhrif á söluna til Evrópu. Salan í Bretlandi og til Íslands sé þó í blóma.

Útrás Samhentra hefur einnig náð til Færeyja. „Árið 2007 keyptum við helming í færeysku félagi og rákum það allt til síðustu áramóta. Þá seldum við hlutinn til heimanna.“

Galið fyrirkomulag

Bjarni er ómyrkur í máli þegar kemur að samtali um hamlandi Evrópureglugerðir. „Í Bergplasti framleiðum við margskonar vörur úr plasti en okkur vantar meira hráefni, bæði hreint og óhreint plast. En Evrópureglugerðir hvetja aðila að senda plast úr landi í stað þess að endurvinnna það. Með beinum útflutningi fá þessi félög umhverfisgjaldið beint í vasann. Ef plastið færi til endurvinnslu í Bergplasti fengju menn ekki umhverfisgjaldið. Þetta þarf að laga. Fyrirkomulagið er alveg galið og mjög óumhverfisvænt.“

Eins og sagt var hér á undan blasa við ýmis tækifæri um þessar mundir vegna hás orkuverðs í Evrópu. „Nú er verið að spyrja okkur hvort við getum farið í blástur á plastfilmum. Það þarfnast ekki mikils mannafla, en umtalsverðrar orku. Risafyrirtæki í útlöndum eru að spyrja okkur að þessu.“

Jóhann segir að sömuleiðis sé mikil uppbygging framundan bæði í fiskeldi og garðyrkju sem kallar á margvísleg tækifæri fyrir Samhenta.

Lækkun skilar sér ekki

Talið berst að erlendum aðföngum en þar hafa orðið miklar verðhækkningar. Til dæmis hafa birgjar notfært sér ákvæði um óviðráðanleg ytri atvik (e. Force Majeure) til að setja á umframhækkningar fyrir utan samningshækkningar að sögn Bjarna. „Þó að hrávöruverð sé að lækka þá skilar það sér ekki vegna aukins kostnaðar sem er að verða til í öðrum hlutum eins og orku, mannafla og flutningum. Þessi innflutta verðbólga læðir sér til Íslands í gegnum margar ólíkar leiðir og veldur kostnaðarhækkunum,“ segir Bjarni að lokum.

Fyrirtæki sem Samhentir hafa keypt í heild eða hluta og sameinast

2002	G.S.Mariasson	2016	Frjó umbúðasala
2002	Innis	2020	Kassagerð Reykjavíkur (ca 65%)
2007	Valdimar Gíslason		Umbúðamiðstöðin
	Íspakk		Plastprent
	SH umbúðir		AKOPlast
2012	Vörumerking		Plastos
	Miðaprent		Hverfiprent

*Hlutur seldur 2021

Félög að hluta undir öðru félagi, sömu eigendur

2016	Bergplast (50%)
	Reykjalundur
	Durin
	Plastmótun

2019	Sigurplast (50%)
------	------------------

Erlendis

2004	Tri-Pack Packaging (50%)	England
2007	Vestpack & Farpack (50%)*	Færeyjar
2020	ForPacking (100%)	Litháen

um. Þar er um að ræða sérleyfisvarða hönnun breska fyrirtækisins Tri-pack sem Samhentir eiga 50% hlut í. Kassarnir eiga í samkeppni við frauðplastkassa og eru bæði léttir, einangrandi og vatnsheldir. Þá eru þeir að fullu endurvinnanlegir en Samhentir leggja þunga áherslu á sjálfbærni í sinni starfsemi. „Það er mjög umhverfisvænt að flytja kassana flata til landsins og reisa þá hér. Það komast 730 kassar á bretti í flutningi til landsins en þegar búið er að reisa kassana komast 60 á bretti. Þetta sparar umfang flutninga gríðarlega.“

Nánar um kaupin á Kassagerðinni segir Jóhannes að með kaupum á henni hafi orðið gríðarlegur sparnaður. „Þessi félög voru uppsett á sambærilegan hátt eftir að Kassagerðin hafði hætt framleiðslu hérlendis. Samlegðin var gríðarlega mikil í húsnæðismálum og starfsmannahaldi. Það var hún sem skipti mestu máli því samkeppnishæfni við beinan innflutning jókst. Við spörudum líka 2.500 fermetra í húsnæði.“

Þeir útskýra að þróunin á umbúðamarkaði á Íslandi sé svipuð og annars staðar í Evrópu síðastliðin 20 ár. Þar hafa lítil umbúðafyrirtæki eins og Kassagerðin þurft að lúta í gras og samþjöppun verið mikil. „Hér heima hefði samrunaþróunin helst þurft að byrja mun

fyrir,“ segir Bjarni. „Núverandi stærð Samhentra er nauðsynleg svo við getum boðið samkeppnishæft verð á evrópskan mælikvarða. Okkar sex milljarða velta, gott samband við birgja, sérhæft starfsfólk og góð flutningskjör hafa gert okkur kleift að bjóða samkeppnishæft verð,“ útskýrir Jóhannes fjármálastjóri.

„Okkar birgjar eru þeir stærstu á sínu sviði í heiminum. Það skiptir máli að vera með góða birgja,“ bætir hann við.

Faraldur flækti samrunann

Covid-19-faraldurinn hafði ýmsar áskoranir í för með sér eins og þeir Bjarni, Jóhann og Jóhannes útskýra. Ekki einungis flækti það samrunann við Kassagerðina til muna, sem fluttist að mestu yfir á Teams-samskiptaforritið, heldur brustu aðfangakeðjur víða um lönd. „Við höfum það sterka stöðu á markaðnum að við berum mikla ábyrgð á að útvega vörur. Við pössuðum sérstaklega vel upp á að engar sýkingar yrðu á milli deilda til að ekkert stopp yrði. Það gekk allt ágætlega. Við lærðum ofboðslega mikið á þessu. Mikið ódagot varð á erlendum mörkuðum og allir höfðu áhyggjur af vöruskorti. Þarna skipti starfsfólk höfuðmáli sem stóð sig eins og hetjur í erfiðum aðstæðum. Einnig hjálpuðu góð birgjatengsl okkar.



Þeir segja að nú blasi ýmis tækifæri við Vörumerkingu vegna þróunar heimsmála. Hækkandi orkuverð í Evrópu hefur beint augum margra til Íslands. „Við erum að skoða ýmis tækifæri í útflutningi. Við flytjum nú þegar út vörur til Færeyja. Við erum loksins orðin samkeppnishæf,“ segir Bjarni.

Sérleyfisvarin hönnun

Í sjávarútvegsdeildinni bendir Jóhann blaðamanni á stæðu af samanbrotnum bláum köss-



SJÁLFBÆRNI

Aðalheiður Snæbjarnardóttir
Sjálfbærnistjóri Landsbankans

Kröfur til upplýsinga um sjálfbærni aukast hratt

Síðell fleiri íslensk fyrirtæki birta nú upplýsingar um hvaða áhrif starfsemi þeirra hefur á sjálfbæra þróun. Í stað þess að gefa út ársskýrslur gefa mörg fyrirtæki út árs- og sjálfbærnisráðgjafar sem ekki er látið duga að fjalla um hvernig reksturinn gekk í fyrri, tekjur og gjöld, arðsemi og eigið fé, heldur er þar að finna upplýsingar um hvaða áhrif reksturinn hefur á umhverfið, ekki síst hvaða áhrif hann hefur á loftslagið.

Birting sjálfbærniupplýsinga hefur verið valkvæð fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki. Þau sem flokkast sem stór fyrirtæki í skilningi ársreikningalaga eru á hinn bóginn skuldbundin til að birta sjálfbærniupplýsingar í skýrslu stjórnar í ársreikningi og gilda um þær ákvæði um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga. Leiðbeiningar um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga eru þó ekki sérlega ítarlegar og því geta fyrirtæki notað ýmsar og mismunandi aðferðir við að birta sjálfbærniupplýsingar, jafnvel þótt þau uppfylli öll sömu reglurnar. Ein af afleiðingum þess er að erfitt er að bera fyrirtæki saman og átta sig á raunverulegum áhrifum þeirra á sjálfbæra þróun.

Mikilvægisgreining sjálfbærniupplýsinga

Eitt það mikilvægasta við sjálfbærniupplýsingagjöf er að fyrirtæki átti sig á því hvað skiptir máli fyrir rekstur þeirra, þ.e.a.s. hvaða þættir í þeirra starfsemi eru mikilvægastir með tilliti til sjálfbærrar þróunar. Hvar hafa fyrirtækin mestu áhrifin? Hjú flutninga-fyrirtæki gætu t.d. mestu áhrifin komið fram í útblæstri bílaflotans. Næsta skref væri síðan að finna leiðir til að draga úr þessum útblæstri. Til að sjálfbærniupplýsingagjöf sé gagnleg þarf hún að vera traust, gagnsæ og miðla upplýsingum um þau málefni sem teljast mikilvæg fyrir rekstur viðkomandi fyrirtækis. Ef upplýsingagjöfin uppfyllir ekki þessar kröfur þjónar hún ekki hlutverki sínu.

Þar sem regluverk hefur verið eftirbátur fyrirtækja-framtaks hvað varðar miðlun sjálfbærniupplýsinga hafa sprottið upp aðrir og valkvæðir staðlar sem fyrirtæki geta notað. Dæmi um það eru GRI-viðmiðin (e. Global Reporting

Initiative) sem hafa verið við lýði frá árinu 2000. Ýmsar uppfærslur hafa komið á GRI-viðmiðunum á þessum tíma og er nýjasta útgáfan með mjög skýrum leiðbeiningum um hvernig skuli standa að því að greina hvaða þættir í starfsemi fyrirtækjanna eru mikilvægastir. Hluti af GRI-viðmiðunum eru GRI-vísarnir sem fela í sér nákvæmar leiðbeiningar um hvernig skuli miðla upplýsingum sem teljast mikilvægar. Þetta eru upplýsingar sem snerta á umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum fyrirtækja, þ.m.t. loftslagsbókhald þeirra. Kosturinn við þessar nákvæmu leiðbeiningar sem fylgja GRI-viðmiðunum er að þær bjóða upp á að hægt sé að endurskoða sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja af sömu nákvæmni og fjárhagsupplýsingar þeirra með aðferðum endurskoðenda.

Fyrirtæki eru misvel í stakk búin til að fara í vandaða greiningu á mikilvægisþáttum og miðla svo sjálfbærniupplýsingum á svo ítarlegan hátt, sérstaklega á meðan ekki er gerð krafa um það af hálfu opinberra aðila.

Strangari reglur á leiðinni

Kröfurnar eru þó að breytast og það hratt. Evrópusambandið hefur sett reglur sem munu einnig taka gildi í EES-ríkjum sem eru mun strangari hvað varðar miðlun

og endurskoðun sjálfbærniupplýsinga. Það yrði of langt mál að telja upp allt sem er á leiðinni en reglugerðin CSRD (e. Corporate Sustainability Reporting Directive) mun ná yfir öll fyrirtæki sem þurfa að skila ófjárhagslegum upplýsingagum í ársreikningum sínum í dag. Það má gera ráð fyrir að þær kröfur smiti svo út frá þeim fyrirtækjum og niður virðisheðjuna til smærri fyrirtækja. Þess verður því ekki langt að biða að sjálfbærniupplýsingar verði jafn mikilvægar og fjárhagslegar upplýsingar.

Landsbankinn hefur birt upplýsingar um áhrif sín á sjálfbærni samkvæmt viðmiðum GRI frá árinu 2012. Nýjasta skýrslan var birt samhliða ársuppgjöri bankans 2. febrúar síðastliðinn. Í ár var skýrslan í fyrsta sinn endurskoðuð af óháðum endurskoðendum og þannig fór bankinn fram úr kröfum markaðarins um staðfestingu sjálfbærniupplýsinga.

”Til að sjálfbærniupplýsingagjöf sé gagnleg þarf hún að vera traust, gagnsæ og miðla upplýsingum um þau málefni sem teljast mikilvæg fyrir rekstur viðkomandi fyrirtækis.

VANDAÐIR STÓLAR

fyrir ráðstefnu- og fundarsali

Mikið úrval af húsgögnum og innréttingum fyrir hótél, mötuneyti, veitingastaði, ráðstefnur, fundi o.fl.

Komdu og kynntu þér úrvalið.
Við sérpöntum eftir þínum óskum!



EGGERT JÓHANNESSEN



LÖGFRÆÐI

Magnús Ingvar Magnússon
Lögmaður á Landslögum

Ný byggingar-löggjöf í Bretlandi

Í apríl á síðasta ári var samþykkt umfangsmikið regluverk í Bretlandi sem fól í sér heildarendurskoðun á allri löggjöf um öryggi og brunavarnir bygginga þar í landi sem og öllu eftirliti með byggingarframkvæmdum og ábyrgð byggingaraðila á annmörkum á byggingum. Endurskoðun þessa má rekja til hins svokallaða „Green-fell Tower“-bruna sem varð árið 2017 í London með þeim skelfilegu afleiðingum að 72 létu lífið. Talið var að rekja hefði mátt snögga útbreiðslu elds í byggingunni til skorts á brunavörnum í klæðningu byggingarinnar. Tilgangur lagasetningarinnar var að auka skýrleika þess lagaramma sem gilt hafði um hönnun og byggingu heimila þannig að öryggi þeirra og gæði væru tryggð til framtíðar.

Í stuttu máli fela helstu breytingar á löggjöfinni í sér:

• Með lagabreytingunni var sett á laggirnar ný stofnun sem fer með einskona öryggiseftirlit með byggingum (Building Safety Regulator). Stofnunin fer meðal annars með yfirumsjón öryggismála og verkframkvæmda allra bygginga. Þá hefur stofnunin þvingunar- og ákvörðunarvald gagnvart byggingaraðilum sem fara ekki að settum reglum um byggingu fasteigna. Lögð er rík áhersla á það í lögunum að byggingaraðilum, hönnuðum og öðrum sem koma að byggingarframkvæmdum eða viðhaldi verði skylt að fara að öllum reglum um uppbyggingu fasteigna. Á framkvæmdartíma verður byggingaraðilum í að minnsta kosti þriggja skýlt að skila inn gögnum til stofnunarinnar þar sem sýnt er með öyggiandi hætti að byggingin uppfylli allar þær kröfur sem til hennar eru gerðar.



•Lögin gilda um nýbyggingar, eldri byggingar sem og framkvæmdir við endurbætur en í lögnum eru sérstaklega skilgreindar svokallaðar hááhættubyggingar (Higher-Risk Buildings). Slíkar byggingar eru að minnsta kosti 18 metrar á hæð eða 7 hæðir og hafa að geyma að minnsta kosti tvær íbúðir. Ýmsar strangari reglur gilda um þær tegundir bygginga, en til að mynda verður eiganda slíkra hááhættubygginga skylt að tilnefna ábyrgðaraðila byggingar (Accountable Person) að byggingartíma loknum. Umræddur aðili, sem geta verið fleiri en einn, ber þá ábyrgð á eftirliti með öryggi sameignar byggingarinnar og skilar með reglulegu millibili skýrslu til nýrrar öryggiseftirlitsstofnunar um öryggisatriði byggingar og þau skref sem stigin hafa verið til þess að tryggja öryggi í og við bygginguna.

•Þá fela lögin það í sér að fyrningarrestur tiltekinna krafna vegna galla á byggingum sem byggðar eru eftir að lögin tóku gildi lengist úr 6 árum í 15 ár. Fyrningarrestur tiltekinna krafna vegna bygginga sem byggðar voru áður en lögin tóku gildi verður hins vegar 30 ár. Þetta er eins og gefur að skilja veruleg breyting og getur haft áhrif á starfsemi fjölda byggingaraðila.

•Lagasetningin mun þá einnig fela í sér mögulega meðábyrgð fyrirtækja sem tengjast byggingar-

aðila, svo sem móðurfélags, systurfélags eða annarra félaga í sömu samstæðu, á kröfum vegna galla á byggingum eða vegna vankanta á öryggisatriðum. Er þessari óvenjulegu reglu beint sérstaklega að fyrirtækjum sem stofnuð eru sem skel um byggingarverkefni sem og öðrum félögum sem fara í þrot að byggingarverkefni loknu.

Með framangreindar reglur í huga, sem eru aðeins lítið brot af þeirri lagasetningu sem nefnd hefur verið „The Building Safety Act“ í Bretlandi, er ljóst að taka á rækilega til hendinni þar í landi við að tryggja að farið sé að reglum við byggingu fasteigna sem ætlaðar eru til íbúðar þannig að öryggi og gæði heimila fólks sé tryggt. Á dögunum fór fram ráðstefna hér á landi sem haldin var til heiðurs dr. Ríkarði Kristjánssyni og fjallaði um „fúsk í byggingariðnaði“. Komu þar fram hinar ýmsu athugasemdir við vinnubrögð byggingaraðila, eftirlit með byggingu fasteigna og ábyrgðum byggingaraðila á gölluðum fasteignum. Var meðal annars kallað eftir viðbrögðum stjórnvalda hvað þetta varðar og ýmislegt nefnt í þeim efnunum. Ljóst er að hin nýja breska löggjöf og hin mikla endurskoðun sem farið hefur fram þar í landi á regluverki byggingariðnaðarins gæti komið að góðum notum ef fara á í endurskoðun á þeim reglum sem hér á landi gilda um uppbyggingu og frágang fasteigna.



SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Soffía Sigurgeirsdóttir

Eigandi og framkvæmdastjóri Langbrókar

Stormviðvörðun

Stormviðvörðun hljómar æ oftár í eyrum okkar. Rauðar, appelsínugular og gular viðvaranir setja okkur í stellingar fyrir það sem koma skal. Þessar viðvaranir hljóma ekki bara í fjölmíðlum okkar Íslendinga, þær hljóma út um allan heim. Jörðin hefur alltaf búið við náttúrulegar sveiflur í veðurfari en það hefur verið ljóst frá því á 19. öld að losun gróðurhúslofttegunda (mikið til koltvísýringur, metan og nituroxíð sem er losað vegna mannlegra athafna) hefur áhrif á hnattræna hlýnun sem hefur síðan áhrif á hækun sjávarborðs, súrnun sjávar, framleiðni í landbúnaði og veldur öfgakenndara veðurfari.

Samfleytt í 60 ár höfum við haft aðgang að mælingum á styrk CO₂ í loftþjúpnum en þær hófust árið 1958 á Mauna Loa-fjalli í Kyrrahafi og stöðvuðust tímabundið 28. nóvember síðastliðinn þegar eldgos hófst í fjallinu. Mælistaðurinn var valinn vegna mikillar fjarlægðar frá helstu útblásturssvæðum jarðar. Við upphaf mælinga var styrkur CO₂ um 315 ppm (parts per million), í janúar 2023 mældist hann 419,47 ppm.

Staðan er alvarleg og flestar þjóðir heims hafa innleitt aðgerða-plan til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda líkt og markmið Parísarsamkomulagsins sem samstaða náðist um innan Sameinuðu þjóðanna í lok árs 2015. Fyrirhugaðar eru lagabreytingar í Evrópu sem felast í því að skylda stærri fyrirtæki til að fylgja eftir sjálfbærniastaðli og miðla upplýsingum um áhrif starfseminnar á umhverfið. Lögin krefja stór fyrirtæki um að huga að sjálfbærni í starfsemi sinni en það er ljóst að ábyrgðin hvílir hjá öllum fyrirtækjum, stórum sem smáum, öll hafa þau mikilvægu hlutverki að gegna í að sporna við þessari þróun.

Sjálfbærniáhætta

Sjálfbærniáhætta er nýtt orð en mun heyrast oftár á næstu árum – líkt og stormviðvörðun. Umhverfisáhrif loftslagsbreytinga eru mikil og mælanleg en samfélagsáhrifin eru ógreinilegri þó á síðustu árum séu þau orðin sjáanlegri en áður. Tjón vegna aftakaveðurs hefur aukist og hér á landi er aukin hætta vegna skriðufalla og jökulhlaupa er orðin að veruleika. Aftur á móti hefur þurrkatími lengst og

úrcoma orðið óáreiðanlegri í suðurhluta Afríku, sem hefur áhrif á landbúnað og uppskeru.

Fjöldi annarra þátta hefur áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda svo sem landnýting, bruni jarðefnaeldsneytis og síðast en ekki síst framleiðsluáferðir og umhverfisáhrif þeirra. Loftslagsbreytingar hafa einnig félags- og efnahagsleg áhrif á lífið á svæðum þar sem ofsveður eru algengari. Þessa áhættuþætti er hægt að skilgreina sem sjálfbærniáhættu hjá fyrirtækjum þar sem loftslagsáhrif hafa bein áhrif á starfsemi eða framleiðslu fyrirtækja. Til viðbótar við rekstraráhættu er mikilvægt að áhættu-stýring og rekstrarlíkan fyrirtækja geri ráð fyrir líklegri sjálfbærniáhættu.

” Fyrirhugaðar eru lagabreytingar í Evrópu sem felast í því að skylda stærri fyrirtæki til að fylgja eftir sjálfbærniastaðli og miðla upplýsingum um áhrif starfseminnar á umhverfið.

Sjálfbærari viðskiptamódel

Stærri fyrirtæki horfa til innleiðingar á alþjóðamælikvörðum eða sjálfbærniástöðlum til að efla sjálfbærni í starfseminni en fyrir minni eða meðalstór fyrirtæki er hægt að fylgja lykilatriðum til að auka sjálfbærni í sínu viðskiptamódeli. Fyrirtæki geta stýrt á markvissan hátt betri og sjálfbærari nýtingu auðlinda, til að mynda dregið úr orkunotkun sinni með því að innleiða orkusparandi tækni og

vinnubrögð, nýtt ávallt endurnýjanlega orkugjafa, hugað að uppbyggingu vistvænna húsa og dregið úr sóun með því að innleiða hringrásarkerfi, þar sem úrgangur minnkar og vörur eru hannaðar til að endurnýta eða endurvinna. Fyrirtæki geta verið áhrifavaldar á markaði með vistvænum innkaupum, því fleiri fyrirtæki sem innleiða vistvænum innkaup því meiri eftirspurn og því meiri hvati á markaði að framleiða vistvænar vörur. Á þann hátt geta fyrirtæki haft áhrif á framleiðslu og innkaup sinna birgja og þjónustuaðila. Til viðbótar geta stjórnendur fyrirtækja haft jákvæð áhrif innan síns fyrirtækis með því að fjárfesta í rafbílaflota og innleiða samgöngustyrk fyrir starfsmenn. Allar ofangreindar aðgerðir er hægt innleiða strax og á frekar auðveldan hátt. Með því að tileinka sér sjálfbærari viðskiptamódel geta fyrirtæki minnkað umhverfisfótspor sitt, dregið úr kostnaði til lengri tíma lítið og dregið jafnframt úr orðsporsáhættu.

KLÁRIR Í BÁTANA!



Purrir AGM eða síru rafgeymar fyrir tæki og rúllur



Hleðslutæki



Öflugir start rafgeymar í mörgum stærðum

Traust og fagleg þjónusta • NÝTT: Vefverslun www.skorri.is

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMU TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Auðvelt að vaxa en erfitt að skera niður

Ásgeir Ingvarsson
skrifar frá París
ai@mbl.is

Enn berast fréttir af fjöldauppsögnum hjá bandarísku tæknirísum. Margir þeirra blésu út í faraldrinum og þurfa núna að skera niður en sum fyrirtæki virðast einfaldlega hafa sætt færís.

Mig grunar að blaðamenn finni alveg sérstaklega til með fólki sem missir vinnuna. Starfsöryggi í blaðamannastétt þykir jú ekki mikið, kjörin eru ekkert til að hrópa húrta yfir og rekstrarumhverfi fjölmiðlafyrirtækja síbreytilegt svo að enginn veit hvenær kallið kemur. Sjálfur er ég stoltur af því að hafa skrifað fyrir sama blaðið í nærri aldarfjórðung. Ekki lítið afrek það, bæði fyrir mig og Moggann.

Ég jata að það hefur nokkrum sinnum gerst að ég hef flugað að söðla um og skoða hvaða önnur störf kynnu að bjóðast: Stundum hefur honum Youssef mínun þótt ég eyða allt of löngum tíma við lykilorðið og óskað þess að ég fyndi mér starf þar sem vinnudagurinn væri í fastari skorðum. Stundum hefur rekstur útgáfunnar staðið tæpt og óróleiki verið í loftinu. Stundum hefur soðið á mér þegar viðræður um hækkun á taxta hafa ekki gengið eins og ég vonaðist til. Og stundum hef ég einfaldlega gælt við þá tilhugsun að láta að mér kveða á öðru sviði tilbreytingarinnar vegna.

Margt kæmi til greina: Starf upplýsingafulltrúa hjá góðu bílaumboði eða flugfélagi gæti verið afskaplega skemmtilegt. Að skjóttast í doktorsnám og fást við kennslustörf á háskólastigi væri heldur ekki amalegt; eða að komast að hjá einhverri alþjóðastofnuninni og reyna að gera veröldina að betri stað með því að sækja ráðstefnur á lúxushótelum á framandi slóðum.

Nýverið var ég að skoða, upp á grín, launataxtana hjá hótelnunum í Sviss og gæti ég jafnvel hugsað mér að standa vaktina í gestamóttökunni á góðu skíðahótelu í Gstaad. Vinnuharkan þar er varla mikil, frídagana gæti ég notað til að skíða frá morgni til kvölds, og svo eru lágmarkslaunin í Sviss á við hæstu taxta íslenskra blaðamanna.

Ég sé það líka í hillingum að aka stórum vöruflutningabíl þvers og kruss um Evrópu og hlusta á heimsbókmenntirnar og Þjóðmálahláðvarpið á leiðinni á milli staða. Allt er fertugum fært.

Tæknigeirinn fer í megrun

Nú gengur hrina uppsagna yfir bandarískt atvinnulíf og vonandi að þeir sem lenda undir niðurskurðarhnífnum séu jafnbrattir og jafnbjartsýnir og ég. Fyrstu tölur benda til að þeir sem hafa misst starfið í þessari hrinu eigi ekki í nokkrum vanda með að finna sér nýja vinnu og



AFP/Ed Jones

Meðlimir stéttarfélags starfsmanna Alphabet mótmæla fyrir utan útibú Google í New York. Fjöldauppsagnir geta valdið fyrirtækjum alls konar tjóni en það er mun auðveldara að skera niður þegar aðrir eru að gera það líka.

að fjórir af hverjum fimm nái að landa starfi á innan við þremur mánuðum eftir uppsögn.

Niðurskurðurinn hófst með haustinu og hefur að mestu verið bundinn við tæknigeirann. Var Meta, móðurfélag Facebook, með þeim fyrstu til að láta stóran hóp fara og tilkynnti í nóvember að til staði að reka 11.000 manns. Það sem af er þessu ári hefur t.d. Microsoft upplýst um að þar verði um 10.000 manns látnir taka pokann sinn, sem er innan við 5% starfsmanna fyrirtækisins á heimsvísu, en Amazon hyggst fækka um 18.000 manns. Alphabet – móðurfélag Google – ætlar að fækka um 12.000, IBM um 3.900 og Dell um rúmlega 6.600. Nýlega bættist Disney í hópinn og ætlar Mikki að losa sig við 7.000 manns af þeim 220.000 sem vinna fyrir músina, og þannig spara hluthöfum um 5,5 milljarða dala.

Nema uppsagnirnar yfirleitt á bilinu 5 til 10% af heildarfjölda starfsmanna þeirra fyrirtækja sem hafa stigið þetta skref og lítið verið um smit út fyrir tæknigeirann. Efnaframleiðandinn Dow hyggst reyndar skera niður um 2.000 manns og Boeing ætlar að fækka um 2.000 starfsmenn á fjármála- og mannaússviði félagsins en vill hins vegar bæta við allt að 10.000 störfum á flugvélaferksmiðjugólfinu.

Þó tölurnar virðist háar er aðeins um að ræða lítið brot af bandarískum vinnumarkaði.

Í sjálfu sér kemur ekki á óvart að tæknifyrirtæki vestanhafs vilji reyna að létta reksturinn. Í kórónuveirufaraldrinum blésu þessi félög út enda sat öll heimsbyggðin heima hjá sér og hafði ekkert betra að gera við tímann en að panta vörur á Amazon, tuða á Facebook og glápa á Netflix. Ráða þurfti fólk til að anna eftirspurn og ekki skorti bjartsýnina enda hlutabréfaverðið á fleygiferð. Samkeppnin um bestu starfskraftana var hörð og tæknirísarnir kepptust við að bjóða sérfræðingum gull og græna skóga.

Markaðsverð Facebook og Amazon meira en tvöfaldaðist í faraldrinum og

verð Alphabet næstum þrefaldaðist, en hækkunin hefur núna gengið að mestu leyti til baka. Er ljóst að þrátt fyrir ágætis rekstur verður vöxturinn á komandi árum ekki eins ævintýrlegur og hann var í faraldrinum.

Að því sögðu þá eru þau félög sem um ræðir ekki svo aðþrengd fjárhagslega að þau hafi ekki átt annarra kosta völ en að losa sig við fólk. Í ágætri greiningu tímaritsins the Atlantic kemur fram að á síðasta ári var Facebook rekið með 23 milljarða dala hagnaði og Microsoft bætti 70 milljörðum dala í kassann. Er því hugsanlegt að stjórnendur séu sumir að nota tækifærið til að lagfæra ráðningarmistök og skerpa á áherslunum í rekstrinum, því það er nefnilega aldrei betri tími til að segja upp fólk en þegar allir aðrir eru að gera það líka.

Viðrar vel til uppsagna

Sérfræðingar hafa bent á að fjöldauppsagnir geta smitast hratt um vinnumarkaðinn þó að árferðið sé tiltölulega gott. Stjórnendur reyna yfirleitt að forðast það að segja upp stórum hópi fólks enda býður það upp á neikvæðan fréttaflutning og alls kyns vangaveltur um vandamál í rekstrinum eða óvandaða stjórnunarhætti. Fyrirtæki hrista þannig stimpla ekki af sér svo glatt og neikvæðnin fælist frá viðskiptavinum, fjárfesta og hæfileikafólk í atvinnuleit.

En þegar fjöldi annarra fyrirtækja stendur í uppsögnum þá þykir það ekki stórfrétt fréttir þó að stórt fyrirtæki minnki hjá sér starfsannahópin um 5 til 10%. Þá má alltaf kenna ytri aðstæðum um og benda á hækkandi stýrivexti eða hvernig hegðun neytenda hefur breyst eftir að faraldrinum lauk. Er það mun þægilegra fyrir stjórnendur sem annars gætu þurft að svara fyrir óraunhæfar áætlanir eða glannalegar tilraunir í rekstrinum. Að geta kennt ytri aðstæðum um hefur líka þann kost að þeir starfsmenn sem fá að halda vinnunni beina gremju sinni

siður að stjórnendunum heldur kenna hagkerfinu um að fór sem fór.

Svo eru þeir sem líta einfaldlega á uppsagnir hjá keppinautum sem ákveðna vísbendingu um að aðstæður hljóti að fara versnandi. Það er alveg rétt sem stjórnendur bandarísku tæknifyrirtækjanna hafa sagt; að það er töluverð óvissa um hvernig þróunin verður á komandi misserum og ef það skyldi breyta á meiriháttar niðursveifla er vissara að reksturinn sé léttur og lipur. Það getur því virst fullkomlega rökrétt að herma eftir keppinautum ef þeir eru að segja upp fólk í stórum stíl, því hver veit nema þeir hafi haft veður af einhverju hræðilegu sem leynist handan við hornið.

Hinu má heldur ekki gleyma að stjórnendur eru engu minni hjarðdýr en við hin. Ef allir hinir eru að reka fólk er kannski einfaldast fyrir ósköp venjulegar sálir í stjórnunarstöðum að gera slíkt hið sama, þó það kunni ekki endilega að vera það gáfulegasta fyrir reksturinn. Þeir stjórnendur sem synda á móti straumnum þurfa yfirleitt að svara erfiðari spurningum á hluthafafundum.

Þar komum við að neikvæðu hliðinni við þróunina í bandaríska tæknigeiranum. Hafa gagnrýnendur m.a. bent á að þau félög sem segjast vera að reyna að búa í haginn fyrir mögulega niðursveiflu séu líkleg til að hlífa kjarnastarfseminni en skera niður á þeim sviðum sem fást við rannsóknir og þróun. Þetta er gildra sem stjórnendur þurfa að varast, ef þeir geta, enda eru það nýju vörurnar sem munu skapa mestu tekjurnar og bera reksturinn uppi til lengri tíma lítið. Þá eru fjöldauppsagnir aldrei sársaukalausar og benda rannsóknir til að heilt á lítið hafi þær ekki sérstaklega góð áhrif á hagnað eða hlutabréfaverð fyrirtækja sem skýrist m.a. af þeim neikvæðu áhrifum sem uppsagnirnar hafa á þá starfsmenn sem eftir verða. Andrúmsloftið á vinnustaðnum getur súrnað mikið og lengi ef að fyrirtæki sem alla tíð hefur verið á mikilli sigl-

ingu þarf allt í einu að snarbremsa, og dýrmætustu starfskraftarnir verða líklegri til að svipast um eftir tækifærum annars staðar.

Gleymum ekki Price-lögmálinu

Sú lexía sem bandarískir stjórnendur þurfa að læra, hvort sem þeir starfa í tæknigeiranum eða annars staðar, ætti kannski umfram allt að vera sú að það þarf að gæta þess að fyrirtæki vaxi ekki of hratt þegar vel árar. Er næsta víst að margir stórlaxanna í Kísildal eru agalega fegnir að hafa fengið góða átyllu til að fækka starfsfólki og hefðu eflaust viljað gera það fyrr.

Í þessu sambandi má nefna þumalputtareglu sem kennd er við breska eðlisfræðinginn Derek J. de Solla Price. Hann kom auga á áhugavert lögmál í útgáfu fræðigreina, sem er nokkurn veginn á þá leið að helmingur alla fræðigreina sem gefnar eru út á tilteknu fræðasviði eru ritaðar af kvaðratróttinni af af heildarfjölda allra höfundu. Ef við sum sé ímynduðum okkur læknaftímarit þar sem 1.000 læknar hefðu birt fræðigreinar sínar mætti vænta þess að um 30 lækna í hópnum ættu heiðurinn að helmingi greinanna.

Mælingar hafa leitt í ljós að Price-lögmálið er ekki alveg hárnákvæmt, en það er freistandi að heimfæra sömu reglu upp á rekstur stórra fyrirtækja. Þeir lesendur mínir sem hafa reynslu af fyrirtækjarekstri gætu ef til vill tekið undir það að á dæmigerðum 100 manna vinnustað má þakka 10 bestu starfsmönnum fyrir helminginn af þeirri verðmætasköpun sem á sér stað. Á 10.000 manna vinnustað eru langverðmætustu starfsmennirnir ekki nema um 100 talsins, samkvæmt reglu Price.

Margar ástæður liggja að baki þessu fyrirbæri. Hjá tæknirisa eins og Alphabet þar sem starfa (miðað við tölur síðasta árs) í kringum 190.000 manns er sennilegt að frekar smár hópur einstaklegra snjallra forritara og markaðsmanna beri uppi tækni- og tekjuhliðina á meðan allir hinir eru í alls konar stoðhlutverkum og leysa verkefni sem skipta máli en ráða ekki úrslitum þegar kemur að því að halda félaginu gangandi.

Þá virðist það líka vera í eðli fyrirtækja að eftir því sem þau stækka verða þau óskilvirkari og búa til alls konar bull-störf, s.s. í kringum það að halda vandlega utan um kolefnis- eða kynjabókhalðið, eða gefa út fréttabréf sem enginn nennir að lesa. Því stærri sem vinnustaðurinn er, því auðveldara verður það að gerast hálfgerður ónyttjungur og verja vinnuvikunni í felum einhvers staðar á bak við skjalaskáp.

Sást Price-lögmálið vel á dögnum þegar Elon Musk eignaðist Twitter. Í einu vetfangi fækkaði hann starfsfólki samfélagsmiðilsins úr 7.500 niður í um það bil 2.700 og samt er Twitter enn í loftinu, og daglegur rekstur félagsins gengur ósköp eðlilega fyrir sig.

VALITOR ER NÚ

Rapyd

Rapyd er alþjóðlegt fjártæknifyrirtæki sem styður við greiðsluþjónustuaðila um allan heim í því markmiði að þróa og virkja framúrskarandi fjártækni- og greiðslulausnir.

[Rapyd.net](https://rapyd.net)

SVIPMYND Karítas Sigurðardóttir, fjármálastjóri Algalífs

Orkan skapar samkeppnisforskot

Á komandi árum verður nóg að gera hjá Karítas Sigurðardóttur í nýju starfi hjá Algalífi. Fyrirtækið er í örur vexti og mun framleiðsla þess aukast umtalsvert á komandi mánuðum. Þá er stefnan sett á að skrá félagið á hlutabréfamarkað.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrinum þessi misserin?

Algalíf er nú að ljúka 4,5 milljarða króna framkvæmdum á nýrri verksmiðju sem tekin verður í notkun í vor. Við förum úr því að framleiða 1.500 kg af hreinu astaxanthíni í að framleiða 5.000 kg. Eftir stækkun verðum við í fararbroddi á þessum markaði bæði hvað varðar framleiðslumagn en ekki síður hvað gæði og framleiðsluöryggi snertir. Það er áskoranin fólgin í því að byggja markaðinn upp í takt við aukna framleiðslu og þarf að halda vel á spilunum. Jafnframt er gríðarlegt tækifæri að vera komin á þennan stað með tæknina og möguleikar fólgnir í að sækja inn á aðra markaði með vörur úr öðrum smáþörungum.

Hvernig heldurðu þekkingu þinni við?

Ég les mikið og reyni að sanka að mér þekkingu í leiðinni, þótt ég lesi einnig skáldsögur inn á milli. Ég fylgist vel með breytingum á lögum og reikningsskilstöðlum sem eru auðvitað mjög kvikar. Þá hef ég náð að búa til gott tengslanet sem býr yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og hef verið óhrædd við að biðja um ráð frá fólkinu í kringum mig. Einnig hefur reynst mér afar vel að ég og maðurinn minn höfum verið í sambærilegum störfum og kvöldspjallið okkar fer oftast en ekki í



Ljósmynd/Ína María

Karítas segir hlutfallslega lágt orkuverð veita orkufrekum iðnaði á Íslandi forskot á erlenda keppinauta. Leysa þarf úr þeim áskorunum sem orkugeirinn stendur frammi fyrir, s.s. hvað snertir flutningskerfið.

að ræða eitthvað vinnutengt og miðla þekkingu úr báðum áttum. **Hvaða kosti og galla sérðu við rekstrarumhverfið?**

Helsti kosturinn við rekstrarumhverfið hjá Algalífi er hagstætt verð á orku og fyrirsjáanleikinn í íslensku orkuumhverfi. Stórt hlutfall útgjalda félagsins fer í orku og fáum við hana á hagstæðara verði en keppinautar okkar erlendis, ekki síst í ljósi aðstæðna í Evrópu. Að mínu mati

eru íslensk fyrirtæki sem nota mikið af orku og eru í alþjóðlegri samkeppni með samkeppnisforskot. Á sama tíma geta orkumálin verið ákveðin áskoranin en þau hafa verið mikið í umræðunni upp á síðkastið, meðal annars vegna takmarkana í flutningskerfinu, sem skiptir auðvitað miklu máli að leysa úr. Gallarnir við rekstrarumhverfið eru þá kannski helst að markaðurinn fyrir astaxanthín er ungur

ÆVI OG STÖRF

NÁM: Fjölbrotaskólinn í Breiðholti 2013; BSc í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 2016 og meistaraþráða í reikningskilum og endurskoðun frá sama skóla 2018.

ÁHUGAMÁL: Ég hef mjög gaman af því að ferðast, þá sérstaklega með fjölskyldu minni, upplifa nýja hluti og ferðast til nýrra landa. Útivist og bókmenntir eru hluti af mínu daglega lífi. Síðan fer minn helsti frítími í að vera með ungum dætrum mínum, sem getur verið bæði krefjandi og algjörlega dásamlegt.

STÖRF: Sérfræðingur á endurskoðunarsviði Ernst & Young 2016 til 2022; sérfræðingur við hagdeild Sýnar hf. 2022 til 2023. Fjármálastjóri Algalífs frá 2023.

FJÖLSKYLDUHAGIR: Gift Kalmani Stefánssyni lögfræðingi og eigum við dæturnar Kötlu Andreu og Kolfinnu Ísabel.

og enn í mótun en í því felast auðvitað tækifæri líka.

Hvert væri draumastarfið ef þú þyrftir að finna þér nýjan starfa?

Ég myndi segja að draumastarfið væri að vera fjármálastjóri hjá fyrirtæki á markaði. Algalíf stefnir á að skrá sig á almennan hlutabréfamarkað árið 2025. Að fá tækifæri til þess að koma inn í fyrirtæki sem á svona mikið inni, er í örur vexti og taka þátt í þeirri vegferð er í raun algjör draumastaða að vera í.

Hvað myndirðu læra ef þú fengir að bæta við þig nýrri gráðu?

Ég hefði gaman af að bæta við mig MBA, hvort sem það væri á Íslandi eða erlendis.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á hvernig þú starfar?

Mér finnst bókina *Atomic Habits* eftir James Clear góð og hægt að útfæra aðferðir hans í hinu daglega lífi, hvort sem það tengist

vinnu eða persónulegum markmiðum; litlar daglegar athafnir sem færa mann nær því að vera besta útgáfan af sjálfum sér, sem er að mínu mati ekki sjálfgefið. Það er áhugavert að þæla í hvað smá agi kemur manni langt og hef ég reynt að tileinka mér þann hugsunarhátt. Síðan hef ég líka gaman af bókum eins og *Good to Great* eftir Jim Collins sem fjallar um hvernig fyrirtæki þróast frá góðum fyrirtækjum yfir í framúrskarandi fyrirtæki.

Hvað gerirðu til að fá orku og innblástur í starfi?

Minn helsti innblástur í öllu eru stelpurnar mínar. Ég er hvergi jafn endurnærð og eftir góða helgi uppi í Skorradal með fjölskyldunni. Ég nýt mín einnig afar vel í góðra vina hópi og finnst ákveðin núllstilling fólgin í því að hitta vinkonur mínar og ræða allt og ekkert. Svo sæki ég innblástur í samstarfsfélagi og nýt þess að vinna með fjölbreyttu teymi fólks.



Gift átti hluti í Exista og Kaupþingi.

Slíta Gift fjárfestingafélagi

FÉLAGSSLIT

Ákveðið var á hluthafafundi 9. desember sl. að slíta Gift fjárfestingafélagi. Gift varð til við slit eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga árið 2007. Félagið átti hluti í Exista og Kaupþingi fyrir hrún. Gift gerði í október 2011 nauðasamning við lánardrottina sína, þar sem lánardrottinum félagsins voru boðnar allar eignir félagsins til uppgjörs krafna þeirra. Í kjölfarið fór af stað vinna við að slíta öllum dótturfélögum Gift og ganga frá umdeildum kröfum. Árið 2015 voru lánardrottinum greiddar eftirstöðvar eignir félagsins og fengu þeir 5,1% af heildarkröfum greitt.

VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjóðum **MESTA** úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is

BAÐAÐU ÞIG Í GÆÐUNUM



Kópavogur – Smiðjuvegur 76 ☎ 414 1000
Akureyri – Baldursnes 6a ☎ 414 1050
Selfoss – Austurvegur 69 ☎ 414 1040

INNHERJI



Morgunblaðið/Góli

Íslensk fjármálfyrirtæki þurfa að búa við sama regluverk og þau erlendu.

Innantóm umræða um samkeppnishæfni

Enn liggur ekki fyrir hvaða áhrif fyrirhugaður samruni Íslandsbanka og Kviku mun hafa á fjármálakerfið hér á landi. Við fyrstu sýn tekur markaðurinn almennt jákvætt í samrunann enda má ljóst vera að með því að sameina þessa tvo banka í einn verði til sterk rekstrareining sem getur hvort tveggja í senn, sinnt einstaklingsþjónustu og öðrum mikilvægum þáttum, s.s. fjárfestinga-bankastarfsemi, fyrirtækjaráðgjöf, einkabankþjónustu og fleiru.

Það má þó skoða hlutina í víðara samhengi. Það liggur nokkuð ljóst fyrir að bankakerfið í heild sinni þarf að minnka kostnað og ná fram frekari hagræðingu ætli bankakerfið hér að vera samkeppnishæft við önnur ríki. Þar er einmitt rétt að staldra við og velta því upp hversu sterkt íslenskt fjármálakerfi stendur, í samanburði við önnur ríki.

Hér á þessum stað hefur áður verið fjallað um samkeppnishæfni og stjórnáamönnnum er tamt að skreyta sig með orðum á borð við samkeppnishæfni þegar svo ber við. Það er síðan allur gangur á því hversu duglegir þeir eru að fylgja því eftir með alvörugaðgerðum. Hér má til dæmis nefna að frumvarp fjármálaráðherra um skuldabréfa-útgáfu bankanna, sem lagt var fram fyrir áramót, hefur ekki enn verið afgreitt á Alþingi og ekkert útlit er fyrir að það verði afgreitt út úr efnahags- og viðskiptanefnd í brád.

Frumvarpið mun, þegar það verður að lögum, auðvelda íslensku bönkunum að gefa út sértryggt skuldabréf – sem gerir þeim auðveldara um vik að fjármagna sig á hagstæðari kjörum. Það skilar sér að lokum í hagstæðari fjármögnun fyrir heimili og fyrirtæki. Hér er því um alvörumál að ræða en það eina sem kemst að í umræðu um banka á vettvangi stjórnáamönnnum er það hversu mikið eigi að hækka bankaskatt.

Ef stjórnáamönnnum er raunverulega annst um samkeppnishæfni þá þarf það einnig að eiga við um fjármálakerfið. Ísland er ekki, og verður ekki, samkeppnishæft á nokkurn hátt ef hér gilda allt aðrar og strangari reglur um fjármálfyrirtæki en annars staðar.

Að því sögðu, þá eru sjálfsagt ekki mörg ár í að við förum að sjá enn fleiri dæmi um fjármálastarfsemi óháð landamærum. Tæknin þróast hratt og gera má ráð fyrir því að innan fárra ára geti einstaklingur sótt þjónustu í gegnum síma og til dæmis verið með kreditkort frá Hollandi, bílalán frá Bretlandi, séreignasparnað í Þýskalandi og þannig mætti áfram telja.

Hvað sem því líður þá gilda sömu viðmið um samkeppnishæfnina. Hér mætti í þessu samhengi minna enn einu sinni á þá tímaskekkju að ríkið reki fjármálfyrirtæki, en við skulum taka eitt skref í einu.

Alltaf markmið að hámarka upplifun gesta

Gísli Freyr Valdórsson
gislifreyr@mbl.is

Sigrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs hjá Bláa lóninu, ræðir um fræðslustarfsemi og þjálfun starfsmanna sem miðast að því að hámarka upplifun gesta.

Íslensk fyrirtæki geta vel mætt kröfum erlendra gesta sem þekkjá og hafa reynslu af bestu hótélum og afþreyingarstöðum víða um heim.

Þetta segir Sigrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs hjá Bláa lóninu. Hún gestur Dagmála sem sýndur er á mbl.is í dag. Bláa lónið hlaut Menntaverðlaun atvinnulífsins sem veitt voru á á árlegum menntadegi atvinnulífsins í gær. Sigrún rekur í viðtali í Dagmálum áherslu fyrirtækisins við menntun og þjálfun starfsmanna. Hjá Bláa lóninu starfa um 700 manns af um 40 þjóðernum.

Eftirsóttur vinnustaður

Aðspurð segir Sigrún að alla jafna gangi vel að finna og ráða starfsfólk á margar ólíkar starfsstöðvar Bláa lónsins, sem er sem kunnugt er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í ferðaþjónustu og rekur tvö baðlón, tvö hótél, fjórar verslanir, fjóra veitingastaði, lækningamiðstöð og rannsóknar- og þróunarsetur. Þá stendur yfir undirbúningur að nýrri rekstrareiningu í Kerlingarfjöllum þar sem 30 ný störf skapast.



Morgunblaðið/Hallur Már

Sigrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs hjá Bláa lóninu, tók í gær við Menntaverðlaunum atvinnulífsins. Hún er gestur Dagmála í dag.

Hún segir þó að félagið finni fyrir því að atvinnleysi sé lítið hér á landi en fagnar því að erlendir einstaklingar sækist eftir því að starfa hjá Bláa lóninu.

„Við höfum ekki leitað að starfsfólki erlendis með markvissum hætti en við fáum þó margar umsóknir,“ segir Sigrún. Þá bætir hún við að mikilvægt sé að stjórnvöld greiði götu erlendra sérfræðinga sem hafi hug á því að starfa hér á landi.

Í viðtalinu fer Sigrún jafnframt nánar yfir fræðslustarfsemi félagsins en í fræðsluráði Bláa lónsins starfa 42 einstaklingar frá öllum sviðum fyrirtækisins sem hafa það markmið að skapa sterkan hóp starfsfólks með sjálfstraust og þekkingu til að sinna starfi sínu. Þá segir hún mikilvægt að skapa tækifæri fyrir starfsmenn til að vaxa innan fyrirtækisins.

Áskoranir í heimsfaraldri

Í viðtalinu er einnig farið yfir þær áskoranir sem Bláa lónið stóð frammi fyrir við upphaf heimsfaraldurs í byrjun árs 2020. Sem kunnugt er þurfti fyrirtækið að segja upp meginþorra starfsmanna sinna vegna þeirrar óvissu sem þá skapaðist um reksturinn.

„Við reyndum í gengum þennan faraldur að verja eins mörg störf og við gátum,“ rifjar Sigrún upp. Hún segir að það hafi verið sárt að horfa á eftir starfsfólki en að sama skapi hafi það reynst ánægjulegt þegar hægt var að ráða starfsfólk á ný þegar samkomutakmörkunum lauk.



RÉTTARRÍKIÐ ÞÓRODDUR BJARNASON



Heimilis- og gjafavara í úrvali

home & you Skeifunni 11